

17. september 2024

Fundur í Skólaráði Rimaskóla

Mætt: Ásgerður Sófusdóttir, Baldvin Örn Berndsen, Kristján Magnússon, Eygló Hilmarsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Þórunn Rósa Ólafsdóttir

1. Starfsáætlun skólaráðs

Fundarmenn settu niður starfsáætlun skólaráðs þar sem ákveðin voru fundartímar og dagskrárefni.

2. Starfsáætlun skólans – frestað var að taka fyrir starfsáætlun skólans og hún verður tekin fyrir á fundi í október.

3. Önnur mál

Rætt um aðgerðir vegna andláts nemenda við Rimaskóla. Farið var yfir hvað var gert og helstu áskoranir.

Framkvæmdir við skólann og mötuneyti – þær hafa gengið ágætlega en tafir hafa orðið á framkvæmdum sem áttu að vera búnar í upphafi skólaárs. Við erum farin að sjá fyrir endanum og húsið er allt að verða hið glæsilegast.

Hundur í skólastofu – Kynnt var fyrir skólaráði verkefni „Hundur í skólastofu“. Öll leyfi frá Heilbrigðiseftirliti voru fengin. Kennari sem heldur utan um verkefnið hefur farið með hundinn á námskeið sem byggist á að nýta dýr sem meðferðaraðila. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið það sem af er skólaársins.

Fleira ekki tekið fyrir

Þórunn Rósa Ólafsdóttir skólastjóri ritaði fundargerð